

# EFTIRLITSSKÝRSLA

First Water hf. (áður Landeldi hf.) Öxnalæk í Hveragerði



Dags eftirlits	28.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	First Water hf. (áður Landeldi hf.)	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Öxnalæk, Hveragerðisbæ	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650417-1510	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jóel Freyr Jóhannsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Valgarð Jónsson	Staðsetning	393201,157 388615,307

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávík komu fram í eftirliti: 1) Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 7. maí 2024 og með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt ársyfirlit 8. júlí 2024 og telst því frávíkinu lokað. 2) Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 7. maí 2024 og með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt grænt bókhald 8. júlí 2024 og telst því frávíkinu lokað. 3) Framleiðsla ársins 2023 var rúmlega 133,5 tonn sem er umfram þau 100 tonn sem heimilt er skv. starfsleyfi í stöðinni. 4) Minkur sást á hlaupum á milli kerja í miðju eftirliti. 5) Ammóníak í fráveituvatni 1 m frá útrás var yfir mörkum í sýnatöku sem var framkvæmd 11. september 2023 eða 23 mg/L. Leyfileg mörk í starfsleyfinu eru 0,025 mg/L.

Þrjár ábendingar voru gerðar: 1) Skila inn sundurliðuðu grænu bókhaldi fyrir stöðvar fyrirtækisins til að koma í veg fyrir misskráningu. 2) Kynna sér hvað hver hilla í efnaskáp getur rúmað mikið af efnum. 3) Bæta þurfi verklag og merkingar við sýnatökur.

Eitt frávík var opið þegar eftirlitið fór fram: 1) Losun mengandi efna er yfir viðmiðunarmörkum á fosfór og köfnunarefni.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 100 tonnum af laxa- og bleikjuseiðum á ári til flutnings í aðrar fiskeldistöðvar.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

1. Þrjú frávík komu fram við eftirlit árið 2023, 1) ársyfirliti var skilað inn 11. júlí, 2) græna bókhaldi var skilað inn 12. júlí. Telst þeim frávíkum lokið. 3) Losun mengandi efna er yfir viðmiðunarmörkum á fosfór og köfnunarefni. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun 5. september 2023, þar sem hann ætlar að leita ráðgjafar um hvort og hvernig sé hægt að auka virkni á tromlusíun á frárennslisvatni stöðvarinnar. Samkvæmt úrbótaáætluninni verður uppfærð úrbótaáætlun send til Umhverfisstofnunar til staðfestingar þegar nokkrar sýnatökur hafa farið fram og verið greindar. Áætlað er að búið verði að framkvæma nokkrar mælingar áður en næsta mæling samkvæmt starfsleyfi á að fara fram árið 2024. Ný úrbótaáætlun hefur ekki borist eftirlitsaðila. Ein ábending var gerð á aðkomu lóðar en mikið af óþarfa drasli er tengist ekki starfsemi staðarins er að finna á lóð rekstraraðila, var honum bent á að gera tiltekt á lóðinni og koma ástandi hennar í betra horf.

2. Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu

3. Rekstraraðili er með umhverfismarkmið. Framleiðsla fyrir árið 2023 var 133,5 tonn og var því framleiðslan yfir leyfilegum hámarks lífmassa sem er 100 tonn. Græna bókhaldið og ársyfirlitið var skilað inn 7. maí 2024 og með ófullnægjandi upplýsingum. Minnt var á að skila þeim inn fyrir 1. maí ár hvert og

með réttum upplýsingum.

4. Útreikningar á heildarlosun fosfórs út frá fóðri var 6,9 kg P/tonn og 34,2 kg N/tonn sem er innan leyfilegra marka samkvæmt gr. 3.4. í starfsleyfi. Sýnatökur sem voru framkvæmdar 11.september 2023 þá reiknast losun 4,72 kg P/tonn og 4,72 kg N/tonn sem er undir leyfilegum mörkum. Tekin voru sýni 28. febrúar 2024 og 16.apríl 2024 eftir að umbætur á hreinsibúnaði höfðu átt sér stað. Ekki voru tekin sýni af ammóníaki í hvorugri sýnatöku.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar.

6. Ekki gerð ábending þar um.

7. Efni eru geymd í læstri geymslu og á lekabyttum. Öryggisblöð voru aðgengileg í efnageymslu og hurð inn í geymsluna merkt á viðunandi merkt. Magn efnis geymt í skáp var töluvert.

8. Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
<b>gr. 4.4 í starfsleyfi.</b>	Rekstraraðila ber að skila inn ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Ársyfirliti var ekki skilað fyrr en 7. maí 2024 og með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt ársyfirliti 8. júlí 2024 og telst því frávíkinu lokað.
<b>gr. 4.5 í starfsleyfi</b>	Rekstraraðila ber að skila inn grænu bókhaldi og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Grænu bókhaldi var ekki skilað fyrr en 7. maí 2024, með ófullnægjandi upplýsingum. Umhverfisstofnun barst leiðrétt grænt bókhald 8. júlí 2024 og telst því frávíkinu lokað.
<b>gr. 1.2 í starfsleyfi.</b>	Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 100 tonnum af laxa- eða bleikjuseiðum á ári til flutnings í aðrar fiskeldisstöðvar. Framleiðslan fór í 133,5 tonn, 33,5 tonn umfram heimild.
<b>gr. 2.9 í starfsleyfi.</b>	Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Minkur var inn í stöð er eftirlitið fór fram.
<b>gr. 2.7 í starfsleyfi.</b>	Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 11. september 2023.



## ÁBENDINGAR

Þrjár ábendingar voru gerð í eftirlitinu:

- 1) Rekstraraðila var bent á að skila inn sundurliðuðu grænu bókhaldi fyrir stöðvarnar tvær til að koma í veg fyrir misskráningu á gögnum.
- 2) Rekstraraðila var bent á að kynna sér hvað hver hilla í efnaskápnunum rúmar mikið af efnunum ef brúsarnir færu að leka, þar sem mikið magn af efnunum er í efnaskápnunum.
- 3) Ábending sett fram um að bæta þurfi verklag og merkingar við sýnatökur og þjálfun starfsfólks í því. Taka þarf einnig mælingu úr innrennsli sem viðmiðunarpunkt.

## ANNAÐ

### Annað:

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 08.08.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

---

Auður Eyberg Helgadóttir

